

Fylgiskjal 2

Fiskvegurinn við Búða – verndun eignaverðmæta – þjóðnýting - seiðaveitur ofl.

Fiskvegur var gerður við fossinn Búða 1991 sem skaðabætur fyrir þau neikvæðu áhrif sem virkjanir í efri hluta árinna höfðu valdið. Áin hafði verið fiskgeng upp fyrir Búða fram að 1896 þegar farvegur hennar breyttist í jarðskjálfta. Ofan Búða eru búsvæði góð og aðstæður ákjósanlegar til hrygningar fyrir bæði lax og sjóbirting. Fiskvegurinn við Búða getur ekki á neinn hátt talist mótvægisáðgerð vegna fyrirhugaðra virkjana í neðri hluta Þjórsár. Framkvæmdin er þegar farinn að virka og skila afrakstri í tekjum og eignaverðmætum.

Síaukin laxgengd vegna fiskvegarins mun til lengri tíma auka verðmæti jarða við ána ofanverða. Þar sem ekki sér fyrir endann á þessari aukningu má gera ráð fyrir að verðmæti lögbýla muni varla koma að fullu í ljós fyrr en að nokkrum áratugum liðnum. Því er varað við valdbeitingu stjórnvalda á borð við þjóðnýtingu.

Ef af áætlunum um Hvammsvirkjun verður mun rennsli árinna minnka stórlega á löngum kafla með afdrifaríkum afleiðingum fyrir búsvæði bæði lax og sjóbirtings. Í svari Landsvirkjunar til Skipulagsstofnunar í október sl. segir að flóð muni verða á hverju ári og í rýniskýrslu Eflu fyrir Landsvirkjun frá því í júlí 2015 segir að ekki verði hægt að tryggja stöðugt rennsli og það muni aukast um 50-100 rúmmetra sem er 1000% aukning frá nefndu lágmarksrennsli 10 rúmmetrum. Sérfræðingar NASF telja yfir höfuð upplýsingar um rennismælingar ótrúverðugar.

Það mun taka landeigendur áratugi að fá það sem þeim ber í afrakstur af fiskveginum frá 1991. Meta má eignaverðmæti laxveiðihlunninda á kr. 1.4 milljónir fyrir hvern veiddan lax sem árlega veiðist á svæðinu. Samkvæmt upplýsingum úr laxagöngum um laxastigann sumarið 2015 gengu um hann 2.417 laxar, ef sami fjöldi veiddist mætti meta hlunnindin á kr. 3.383.800.000. Í ljósi þeirra fjárhagslegu hagsmuna sem þarna eru í húfi er afar brýnt fyrir viðkomandi landeigendur að allar vistfræðiupplýsingar liggja fyrir til að þeir geti varið þá gríðarlegu hagsmunum sem liggja í búsvæðunum ofan og neðan við fyrirhugaða Hvammsvirkjun. Komi á einhverjum tímamarki til þess að stífla eða stíflur af þessu tagi verði settar í Þjórsá þurfa landeigendur að fá tækifæri til að gera ítarlegar tillögur um alla rekstrarþætti hugsanlegs raforkuvers til að bjarga því sem bjargað verður. Tryggja verður lágmarksrennsli, viðunandi endurkomuhlutfall seiða og fullorðinna fiska sem ganga aftur í ána til að hrygna. Hjáveitukerfi framhjá virkjuninni, ef til hennar kemur, verður að vera af fullkominni gerð og viðurkennt af færustu sérfræðingum svo það hamli ekki för laxfiska í ánni. Stöðuga vöktun á ástandi fiskstofna árinna ætti að setja sem skilyrði. Fulltrúar NASF fylgjast grannt með þróun mála á svona svæðum í mörgum löndum. Þeir ætla að þarna geti orðið um mörg þúsund laxa veiði að ræða, auk sjóbirtings, og verðmætin geti því hlaupið á tugum milljarða. Í íslensku samhengi má benda á þróunina í Selá í Vopnafirði, Langá í Borgarfirði og Rangánnum þar sem stækkun mögulegra búsvæða hefur stóraukið laxagengd og mun halda áfram að aukast um áratugi.

Krafa okkar og landeigenda um fullkomnari lífríkisgögn er til komin til að geta mótað tillögur sem hníga m.a. að eftirfarandi og fleiri reglum:

1. Guaranteed seasonal flows during the juvenile fish migration that are sufficiently high to maintain WTT to the same level it was pre hydro development
2. Identify needed flows to prevent adult passage barriers from forming and implement these flows as a minimum during adult passage times.
3. Maintain juvenile fish protection throughout the entire juvenile fish migration period to protect the tails of the run distribution and genetic diversity
4. Provide routine monitoring at all fish facilities and routine provision of predator deterrents
5. Determine kelt migration periods. Design and implement kelt passage systems that maximize survival
6. Monitor water quality – temperature and dissolved gas levels throughout the migration period
7. Cessation of hourly or daily load following during spawning and rearing
8. Maintain spawning flow levels and elevations to keep redds covered through incubation and emergence
9. Operate Kaplan turbine units during the fish migration season within a very narrow efficiency range, which is well below the maximum energy output of each turbine. Operation outside of this range imposes additional mortality on juvenile migrants.
10. Monitoring program should include smolt to adult survival rate determinations

Ekkert hefur komið fram sem dregið hefur úr óvissunni um afdrif fiskstofna í Þjórsá ef til frekari virkjana kemur og þekking sérfræðinga Landsvirkjunar virðist takmörkuð. Má t.d. benda á bréf Helga Bjarnasonar yfirverkfræðings frá 31.10. 2013

<http://www.landsvirkjun.is/Media/svarbreflandsvirkjunarasamtlylgigognumtilverkefnisstjornarrammaaetlunar31.okt2013opt.pdf>

Þar sem fram koma áform um að hafa seiðaveitu opna í aðeins fjórar vikur af þeim 16–18 vikum sem vitað er að sjóganga seiða stendur yfir. Réttilega kemur fram þar að engar hugmyndir liggja fyrir um staðsetningu slíkrar seiðaveitu. Til að slík veita geti yfirleitt virkað þarf her sérfræðinga í áratugi til að gera víðtækar tilraunir og prófanir - sem tryggir þó ekki að dæmið gangi upp. Það er næsta víst að það mat á töfum við niðurgöngu seiða sem Landsvirkjun kynnti og byggði á setflutningalíkani er með öllu óraunhæft.

Það eru falsanir hjá Landsvirkjun að halda því fram að þeim komi ekkert við hvernig laxaseiðum reiði af eftir að þau koma niður fyrir stíflur. Sannleikurinn er sá að mörg seiðanna finna aldrei réttar leiðir niður á þeim nauma tíma sem þeim er skammtaður. Þá eru mörg þeirra lemstruð og alvarlega sködduð og drepast að nokkrum dögum eða vikum liðnum. Af öllu þessu verður að taka mið eina of skýrt er tekið fram í greinargerð NASF og í viðhengi til Skipulagsstofnunar frá 28. september 2015.